# Frumvarp til laga

um

## viðauka við lög um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., frá 4. nóvemb. 1881.

(Lagt fyrir Alþingi 1912).

---

1. gr.

Af eftirtöldum fiskiafurðum, sem fluttar eru hjeðan af landi burt, skal greiða útflutningsgjald:

| | |
|---|---|
| af hverri tunnu af síldarlýsi (= 105 kg) ... ... | 50 au. |
| af hverjum 100 kg af fóðurmjöli eða kökum ... | 50 au. |
| af hverjum 100 kg af áburðarefnum .. ... ... | 20 au. |

2. gr.

Um gjald þetta og greiðslu þess fer eftir fyrirmælum laga frá 4. nóvemb. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

---

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um afstöðu Stjórnarráðsins til þessa frumvarps, sem er óbreytt eins og það kom frá fjármálanefndinni, vísast til athugasemdanna við frumvarp til laga um einkarjett og einkaleyfi til kolasölu á Íslandi.

---